



Minnisblað fyrir menntaráð: Starfsáætlanir stofnana frístundadeildar

Forstöðumenn við stofnanir frístundadeildar hafa skilað starfsáætlun fyrir sína starfsstöð fyrir árið 2021-2022. Forstöðumenn fara eftir ákveðnum ramma við gerð starfsáætlunar sem unnin er saman á skipulagsdegi forstöðumanna að vori.

1. Starfsáætlun

Skipulag starfsins, þar með talið faglegar áherslur og dag- og kvöldskipulag er birt í starfsáætlun. Starfsáætlun er svo lögð fyrir menntaráð til samþykktar.

1	Hagnýtar upplýsingar: sími, netfang, heimilsfang, opnunartími (dag- og kvöldopnun)
2	Félagsmiðstöðvadaatal – Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðva
3	Starfið í vetur - félagsmiðstöðvar – Gera grein fyrir áherslum í starfinu – Valáfangar sem forstöðumenn/starfsmenn sjá um – Lýsing á samstarfi við skóla Viburðir í vetur – Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar – Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva – Viðburðir í samvinnu við skólann – Viðburðir í samvinnu við Samfés
4	Hópastarf (Hvernig tengist það við greinar Barnasáttmálans/Heimsmarkmiðin) – Gera grein fyrir opnu starfi – Gera grein fyrir hópastarfi – Gera grein fyrir sértæku hópastarfi Sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar (gera stuttlega grein fyrir)
5	Unglingaráð (Hverjir sitja í ráðinu og hvernig er það skipulagt) – Félagsmiðstöðvaráð – Samfésráð – Félkóráð – Ungmennaráð
6	Foreldrasamstarf – Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um starfið
7	Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir (þarf ekki að setja neitt inn hér) – Neyðaráætlun – Móttaka nýrra starfsmanna – Öryggisgátlisti – Gátlistar í sértæku hópastarfi – Handbók um starfið – Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
8	Innra mat – Gera skal grein fyrir hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats á árinu



9	Símenntunaráætlun – Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk eru skipulögð af frístundadeild og félagsmiðstöðvar hálfu (sjá símenntunaráætlun inn á sameign)
10	Fjöldatölur -Fjöldatölur settar fram fyrir hvern mánuð á síðasta starfsári (ágúst-júlí)
11	Listi yfir starfsfólk og starfsheiti
12	Annað sem varðar starfsemina

Styrkleikar

Í þessari starfsáætlun var lögð áhersla á að tengja betur hópastarf, viðburði, unglingaráð eða annað starf í félagsmiðstöðinni við ákveðnar greinar Barnasáttmálans og þá sérstaklega horft til eftirfarandi greinar.



Félagsmiðstöðvar Kópavogs eru komnar með góða reynslu af öflugu og markvissu hópastarfi sem tengist beint og óbeint greinum Barnasáttmálans, sérstækt hópastarf er í stöðugri þróun og er orðið hluti af starfi félagsmiðstöðvanna. Þetta er verkefni í þróun og kemur fram í umbótaáætlun flestra fyrir síðustu starfsáætlun að halda áfram að þróa og tengja betur við starfið og auka samstarf við skólana um, sérstaklega með áherslu á að ná betur til nemenda með annað móðurmál en íslensku. Farið var af stað sl. vetur og stefnt af því að gera aftur á þessu starfsári að bjóða upp á auka opnanir sem miða sérstaklega að því að taka á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Þessi hópur þarf oft á tíðum sérstaka hvatningu, kynningu og eftirfylgni við að taka þátt í frístundastarfi. Á mörgum stöðum er unnið þarft og gott sértækt hópastarf sem miðar að því að draga úr félagslegri einangrun og efla jákvæð samskipti. Síðastliðinn vetur unnu forstöðumenn félagsmiðstöðva og ungmennahúss að gerð gátlista til að styðja betur starfsmenn við skipulag á sértæku hópastarfi. Allt óformlegt nám sem unglingarnir hljóta í félagsmiðstöðinni miðast út frá því að móta jákvæð samskipti og draga úr félagslegri einangrun t.d. í samtali við starfsmenn, hópastarf og fleira. Félagsmiðstöðvarnar vinna með ýmskonar fræðsluefni sem miðast við að efla góð samskipti og í gegnum ákveðið hópastarf, eins og rafíþróttahópa hefur t.d. verið ein leið til að tengja saman einstaklinga sem hafa sameiginleg áhugamál og draga úr félagslegri einangrun þeirra. Lögð er áhersla á að félagsmiðstöðvarnar og ungmennahús sé öruggur staður fyrir ungt fólk þar sem það er



alltaf einhver til staðar til að hlusta á þau, ræða málin, spegla skoðanir sínar og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Við vitum hversu mikilvægt er að tilheyra hópi og starfsfólk félagsmiðstöðva leggja mikið upp úr því að bjóða alla velkomna og að allir hafi sitt pláss í félagsmiðstöðinni og ungmennahúsinu. Félagsmiðstöðvar og ungmennahús er staður þar sem ungt fólk kemur á sínum forsendum með alla sína hæfileika og kosti og fær jákvæð viðbrögð frá starfsfólkinu, eins og þú „**pú ert frábær**“ „**Getum við aðstoðað þig við að nýta alla þessa flottu hæfileika sem þú hefur**“. Í félagsmiðstöðinni og ungmennahúsinu eru ekki margar reglur aðrar en þær að bera virðingu fyrir öllum, umhverfinu sínu og vera góð manneskja.

Lýðræðisleg þátttaka

Félagsmiðstöðvar og ungmennahús leggja mikið upp úr því að vinna með lýðræðislega þátttöku barna og hafa til langs tíma verið með starfandi unglingaráð í hverri félagsmiðstöð sem og **Félkóraráð** þar sem tveir fulltrúar úr hverri félagsmiðstöð sitja í. Hlutverk ráðanna er að koma að skipulagningu dagskrá, almennu starfi og viðburðum félagsmiðstöðvanna og ungmennahúss. Í gegnum þátttöku í ráðunum læra unglingarnir lýðræðisleg vinnubrögð, virðing er borin fyrir skoðunum þeirra og þau læra að bera virðingu fyrir öðrum, sem og eru unglingaráðin vettvangur sem veitir þeim frelsi til að deila og koma sýnum hugmyndum á framfæri. **Ungmennaráð Kópavogsbæjar er svo** formlegt ráð Kópavogsbæjar þar sem skóli og félagsmiðstöð tilnefna sameiginlegan fulltrúa síns skóla í ráðið og ungmennahúsið tilnefnir sömuleiðis fulltrúa. Í **Ungmennaráði Samfés sitja** svo þrír fulltrúar frá Kópavogi. Kosið er á Landsmóti Samfés sem eru samtök allra félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Þess má einnig geta að fulltrúar Félkóraráðs komu að gerð sameiginlegs lógó fyrir félagsmiðstöðvarnar, sem á að tákna samvinnu félagsmiðstöðvanna, en félagsmiðstöðvarnar standa að hinum ýmsum sameiginlegum viðburðum yfir árið og má þar helst nefna Félkó böll, stuttmyndahátíð, sköpunardag, söngkeppni, rafíþróttamót, íþróttaviku og forvarnaviku.



Samstarf við skóla

Góð félagsmiðstöð getur gert skóla enn betri þar sem trú á einstaklinginn er í fyrirrúmi. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf skóla og félagsmiðstöðva hefur þróast í jákvæða átt undanfarin ár. Reglulegir samstarfsfundirnir eru haldnir með annað hvort deildarstjóra unglingastigs, námsráðgjafa eða aðstoðarskólustjóra til að fara yfir einstaka mál er snúa að börnum og unglingum í skólanum. Aðilar veita upplýsingar eftir þörfum allt með það að leiðarljósi að bæta líðan nemenda.

Valáfangar á vegum félagsmiðstöðva í samstarfi við skólana;



Valáfangaþróun og fyrirkomulag er enn misjafnt á milli stöðva. Valáfangar í félagsmiðstöðvunum og ungmennahúsinu er góð og afar gagnleg leið til að efla samstarf félagsmiðstöðvar og skóla og veita meiri fjölbreytileika í valáföngum á unglingastigi. Í starfi félagsmiðstöðvarinnar fer fram óformlegt nám sem er ekki síður mikilvægur lærdómur í lífinu og jákvætt að nemendur geti fengið valaáfanga tengt þátttöku sinni í félagsmiðstöðinni eða ungmennahúsinu metið til eininga. Enn eru þó nokkrar félagsmiðstöðvar sem eiga enn eftir að byggja starf þessu tengdu í sínu skólahverfi en þó ánægjulegt að sjá að forstöðumenn taki það fram að þeir stefni að því og hægt að taka betur inn í umbótaáætlun ákveðinna félagsmiðstöðva á næsta ári.

Byggja brú á milli félagsmiðstöðva og ungmennahúss;

Í þessum starfsáætlunum er undirbúningur hafinn í starfsáætlun ungmennahúss og í einhverjum félagsmiðstöðvum í að byggja upp meira samstarf í gegnum hópastarf, viðburði og valaáfanga. Til að mynda mun í vetur nemendur í 10.bekk í Smáraskóla vera í valaáfanga sem verður kenndur í ungmennahúsinu Molanum og ber yfirskriftina *Ungmennahússaval*. Nemendur kynnast starfsemi ungmennahúsa og fá tækifæri til að skipuleggja og taka þátt í starfi Molans og öðlast þannig þekkingu og reynslu á starfi ungmennahússins. Lögð verður einnig áhersla á að hafa sérstakar opnanir í ungmennahúsinu fyrir 10.bekkinga sem og sameiginlegir viðburðir með félagsmiðstöðvunum eins og skíðaferð. Forstöðumaður ungmennahúss situr líka reglulega fundi með forstöðumönnum félagsmiðstöðva sem stuðlar að samvinnu og góðu upplýsingaflæði milli stofnana. Í ferli er ráðning ráðgjafa ungmenna við ungmennahúsið sem mun hafa það hlutverk m.a. að vinna í samstarfi við félagsmiðstöðvar og skóla til að stuðla með markvissara hætti að því að móta heildrænni þjónustu fyrir viðkvæman hóp ungmenna í starfi ungmennahússins eftir að grunnskólagöngu þeirra lýkur.

Símenntunaráætlun starfsstöðva frístundadeildar;

Stofnanir frístundadeildar leggja metnað og veita svigrúm til fræðslu og þjálfunar til starfsfólks. Mikilvægt er að efla starfsfólk í starfi og auka bæði þekkingu og fagmennsku. Fræðsluerindi eru haldin cirka 1x í mánuði, en í haust sóttu m.a. allir starfsmenn félagsmiðstöðva, ungmennahúss og frístundaklúbbsins Hrafningsins tveggja daga námskeið þar sem þeir fengu sérstaka fræðslu og þjálfun í hvaða verkfæri er hægt að notast við til að auka faglegt samstarf og samvinnu einstaklinga, hópa og stofnana. Farið var yfir góð samskipti, að vera fyrirmynd og jákvæður leiðtogi í frístundastarfi. Auk þess fengu starfsmenn hinsegin/kynsegin fræðslu þar sem áhersla var á hvernig við getum markvisst unnið gegn fordómum og mikilvægi þess að starfsfólk félagsmiðstöðva geti veitt samtal eða fræðslu um hinsegin/kynsegin málefni fyrir ungt fólk. Þessi fræðsla til að mynda nýttist svo í Forvarnarviku frístundadeildarinnar þar sem lögð var áhersla á að fræða og ræða um hins- og kynsegin málefni í gegnum starf félagsmiðstöðvanna og ungmennahúss. Á skipulagdögum forstöðumanna í vor var svo ákveðið að gera sérstaka fræðsluáætlun inn í félagsmiðstöðvunum og ungmennahúsinu fyrir hvern mánuð þar sem starfsfólk tekur fyrir eftirfarandi málefni til umræðu í gegnum samtal, hópastarf eða aðra vinnu. Ákveðið var að fjalla um áhrif neyslu orkudrykkja, unglingar gegn ofbeldi, kynfræðsla,



fjölmening og hinsegin/kynsegin fræðsla. Símenntunaráætlun er einnig unnin í samvinnu við starfsfólk og tekur mið af þörfum og áhuga þeirra. Reglubundin og markviss þjálfun og endurmenntun er mikilvæg til að gera bæði starfsfólk öruggara í starfi sem og gera starfið faglegra og skemmtilegra. Starfsmenn fá líka tækifæri á starfsmannafræðslu að kynna sitt starf og þannig er hægt að skiptast á hugmyndum um starfið.

Dæmi um dagskrá félagsmiðstöðvar, sameiginlegt dagatal félagsmiðstöðva og dagskrá Samfés.

DIMMA				MÍÐ	FIM	FÖS
SEPTEMBER	DIMMAFELAGSMIDSTOD	MÁN	PRI	1. 17:00-18:30 LOKAD 19:30-22:00 8. BEKKJAR-KVÖLD	2. OPIÐ TIL 15:00*	3. 19:30-23:00 KYNJAVEISLA FYRIR SJOONNA
		6. 17:00-18:30 LOKAD 19:30-22:00 TIE DIY	7. OPIÐ TIL 14:30*	8. 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 BORDTENNIS OG TEOBALL	9. OPIÐ TIL 15:00*	10. DIMMA
		13. 17:00-18:30 ÆÐI 3 19:30-22:00 STINGER ULTIMATE	14. OPIÐ TIL 14:30*	15. 17:00-18:30 NÚÐLUR OG NÖLDUR 19:30-22:00 BRENNÓ	16. OPIÐ TIL 15:00*	17. GISTINÓTT FYRIR 8. BEKK
		20. 17:00-18:30 ÆÐI 3 19:30-22:00 SKALLAFERD	21. OPIÐ TIL 14:30*	22. 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 HJARTSLÁTTUR	23. OPIÐ TIL 15:00*	24. DIMMA
		27. 17:00-18:30 ÆÐI 3 19:30-22:00 SPILAKVÖLD	28. OPIÐ TIL 14:30*	29. 17:00-18:30 SKARTGRIPA- GERD 19:30-22:00 KENNÝ OG KÓSI	30. OPIÐ TIL 15:00*	*OPIÐ ALLA JAFNA, SVO LENGI SEM VIÐ ERUM Á STAÐNUM



Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Menntasvið
Frístundadeild

Félagsmiðstöðvagaatal 2021 - 2022

Nafn: Menntasvið - Fristundadeild

[illegible]

DAGSKRÁ SAMFÉS 2021-2022

9.-10. SEPT **STARFSDAGAR SAMFÉS****LANDSPING SAMFÉS+** 15.-16. OKT

12.-14. NÓV **LANDSMÓT OG LANDSPING SAMFÉS**

FÉLAGSMIDSTÖÐVA OG 15.-21. NÓV
UNGMENNAHÚSAVIKAN

RÍMNAFLÆÐI 26. NÓV

3.-4. DES

SAMFÉS-CON 7. JAN

HÖNNUNARKEPPNIN STÍLL

**SKRÁNING Í SÖNGKEPPNI
SAMFÉS HEFST**

LEIKTÆKJAMÓT SAMFÉS

ADALFUNDUR SAMFÉS 2022 28.-29. APR

13.-14. MAÍ RAFÍPRÓTTAMÓT SAMFÉS OG ELKO





Tækifæri til úrbóta

Samstarf við foreldrarölt og foreldrafélög

Samstarf við foreldrarölt eða foreldrafélög hafa verið mismikil á milli stöðva, en það er ánægjulegt að sjá hjá sumum hversu öflugt það samstarf er orðið. Þetta er þáttur sem frístundadeild telur mikilvægt að sé bætt og verður unnið betur að þegar kemur að vinnu umbótaáætlana.

Innra mat

Allar félagsmiðstöðvarnar og ungmennahús eru reglulega með starfsmannafundi eða 1x í mánuði. Á þessum fundum er skipulagið á starfinu m.a. rætt og ígrundað og starfsmönnum gefst kostur á ræða og koma sínum skoðunum á framfæri um starfið. Félagsmiðstöðvarnar notast við upplýsingar frá Rannsókn og greiningu og Skólapúlsinum, um skólann og félagsmiðstöðina sem þær starfa í. Einnig er notast við mætingatölur og umræður við krakkana í mati á starfinu. Unglingaráðin eru svo að einhverju leyti talsmenn unglinganna í starfinu og þau hjálpa okkur til við að móta starfið. Eitt af því sem betur mætti gera er að þróa leiðir og verklag til að mæla betur árangur af sértæku hópastarfi sem félagsmiðstöðvarnar vinna. Sértækt hópastarf er í stöðugri þróun og starfsmenn upplifa og sjá ávinninginn á því að bjóða upp á sérstakt hópastarf. Þess vegna er mikilvægt að við leitum leiða til að gera árangur þess sýnilegri fyrir öðrum sem og stuðning til að geta gert starfið faglegra og árangursríkara þegar unnið er með viðkvæman hóp barna.

Eftirfylgni frístundadeildar

Deildarstjóri frístundadeildar fundar annan hvern þriðjudag með öllum forstöðumönnum frístundadeildar þar sem starfið rætt og samræmt og upplýsingar veittar. Frístundadeildin heldur svo utan um skipulagningu á símenntunaráætlun og sér um að bóka fræðsluerindi og skipuleggja. Einnig er reynt að styðja við forstöðumenn stofnana frístundadeildar með fræðsluefni og ýmis góð verkfæri til að nota í tengslum við fræðsluáætlun félagsmiðstöðvanna og ungmennahúss. Frístundadeildin leggur mikið upp úr ánægju starfsfólks. Á hverju ári eru starfsmenn boðnir sérstaklega velkomnir þar þeim er kynnt helstu áherslur í starfi og unnið með gott hópefli til að þetta starfsmannahópin saman fyrir komandi starfsár. Deildarstjóri og forstöðumenn stofnana frístundadeildar bjóða starfsfólki upp á starfsmannasamtal 1x á ári þar sem starfsfólkið fær tækifæri til að ræða um líðan sína og annað í starfi. Einnig er starfsfólki boðið að taka þátt í Starfsmannapúlsinum annað hvert ár.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildarstjóri
Frístundadeildar



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026